

6. gr.

Að því er varðar þinggjöld ársins 1957 þá er heimilt að innheimta þau hjá hverjum gjaldanda með sex jöfnum greiðslum, er falli í gjalddaga 1. ágúst, 1. september, 1. október og 1. nóvember 1957, svo og 2. janúar og 1. febrúar 1958.

Nú hafa skattar þessa árs ekki verið ákveðnir hinn 1. ágúst 1957 og er þá heimilt að innheimta hjá hverjum gjaldanda hinn 1. ágúst 1957 $\frac{1}{2}$ hluta þess þinggjalds, er honum bar að greiða á árinu 1956.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 45. gr. l. nr. 46/1954, um tekju- og eignarskatt, sbr. 2. málsgr. 102. gr. reglugerðar nr. 147/1955, um tekju- og eignarskatt.

Fjármálaráðuneytið, 1. júlí 1957.

Eysteinn Jónsson.

Jón Skaftason.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Sigurðar Stefánssonar og frú Þórunnar Bjarnadóttur í Vigur, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 2. júlí 1957.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð séra Sigurðar Stefánssonar
og frú Þórunnar Bjarnadóttur í Vigur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður séra Sigurðar Stefánssonar og frú Þórunnar Bjarnadóttur í Vigur og er stofnaður til minningar um þau hjón af niðjum þeirra og fósturbörnum.

Stofnfé sjóðsins er kr. 21500.00.

2. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Skal ávaxta hann í aðaldeild Söfnunar-sjóðs Íslands, í ríkistryggðum skuldabréfum eða á annan hátt eftir ákvörðun sjóðstjórnarinnar.

Höfuðstólinn skal auka með því að leggja við hann árlega hluta af vöxtunum, svo sem greint verður hér á eftir, svo og með gjöfum og áheitum og á annan hátt eftir því, sem sjóðstjórnin ákveður.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna afrek búenda innan Norður-Ísafjarðar-sýslu eins og hér greinir:

- Fagra og hagfellda húsaskipun og húsagerð á býlum búenda, gott viðhald húsa og vel hirt umhverfi þeirra, svo og snyrtilega umgengni utan húss og innan.
- Góða gerð og hirðingu matjurtagarða og skrudgarða.
- Vel gerð skjólbelti af trjám og runnum um tún og akra búenda svo og vel gróðursettan og varin nytjaskóg.

Má verðlauna afrek, sem lýst er í einhverjum ofangreindra stafliða a—c., ef það þykir þess vert að dómi sjóðstjórnarinnar.

104

2. júlí

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega kynna sér hverjir maklegir eru verðlauna úr sjóðnum og neyta til þess atbeina kunnáttumanna ef nauðsynlegt þykir.

Þegar ástæða er fyrir hendi, að dómi sjóðstjórnar, að veita verðlaun úr sjóðnum skal farið eftir þeim reglum, er hér greinir:

Verja skal til verðlauna og nauðsynlegs stjórnarkostnaðar $\frac{3}{5}$ — þremur fimmtu hlutum — síðustu ársvaxta unz höfuðstóll sjóðsins er orðinn 50 þúsund krónur, en síðan $\frac{3}{4}$ — þremur fjórðu hlutum — síðustu ársvaxta unz höfuðstóllinn er orðinn 100 þúsund krónur. Upp frá því má verja allt að $\frac{1}{10}$ — níu tíundu hlutum — síðustu ársvaxta úr sjóðnum í framangreindu skyni. Mismunurinn leggst við höfuðstólinn á hverjum tíma.

Nú hafa eigi verið veitt verðlaun eitt að fleiri ár og er sjóðstjórninni þá heimilt, ef henni þykir sérstök ástæða til bera, að draga saman handbært verðlaunafé tveggja ára í senn og verja því til verðlauna í einu lagi.

Ekki skulu veitt nema ein verðlaun á sama ári.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum eins og hér segir:

Prófastinum í Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi, manni kosnum af sýslunefnd Norður-Ísafjarðarsýslu og manni tilnefndum af niðjum framannefndra hjóna og skal hann vera búsettur innan Norður-Ísafjarðarsýslu meðan þess er kostur. Hver þessara aðalmanna kýs sjálfum sér varamann. Kjörtímabil kjörinna aðalmanna og varamanna er fjögur ár. Sjóðstjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

6. gr.

Stjórnin annast ávöxtun sjóðsins og setur sér að öðru leyti starfsreglur eftir því sem þurfa þykir. Enn fremur annast hún um úthlutun verðlauna úr sjóðnum eftir þeim reglum, er hér á undan greinir. Skal úthlutun úr sjóðnum vera miðuð við afmælisdag séra Sigurðar Stefánssonar í Vigur 30. ágúst.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók og færa í hana skipulagsskrá sjóðsins, úthlutun verðlauna og aðrar fundarsamþykktir, svo og annað er varðar hag og rekstur sjóðsins. Enn fremur skal stjórnin halda sérstaka bók yfir hag og rekstur sjóðsins.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skal stjórnin hafa lokið ársreikningi hverju sinni eigi síðar en 1. marz. Sendir hún síðan reikninginn til sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar, er endurskoðendur sýslureikninga framkvæma.

Stjórnin ákveður hvernig reikningar sjóðsins skulu birtir.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal hún því næst prentuð í B-deild Stjórnartíðinda.

Vigur, 30. ágúst 1954.

Sigurður Sigurðsson.	Bjarni Sigurðsson.	Stefán Sigurðsson.
Margrét Hermannsson.	Þórður Þorsteinsson.	Sigurður Bjarnason.
Arnór Sigurðsson.	Stefanía Sigurðardóttir.	Guðrún Sigurðardóttir.
Stefán Sigurðsson.	Árni Sigurðsson.	Snorri Sigurðsson.
Þórunn Ásgeirsdóttir.	Sigurlaug Bjarnadóttir.	Þórunn Einarsdóttir Clemenz.
Þorbjörg Bjarnadóttir.	Baldur Bjarnason.	Björn Bjarnason.
Þórunn Bjarnadóttir.	Sigurður Sigurðsson.	Hrólfur Sigurðsson.